

Heimildaritgerðir, heimildanotkun og skráning

Hvað er heimildaritgerð?

Heimildaritgerð er ritverk þar sem höfundur/ar spyr spurninga um afmarkað viðfangefni og nýtir sér áreiðanlegar heimildir til þess að svara þessum spurningum. Oft kveikja svörin hugmyndir að nýjum spurningum.

Bygging heimildaritgerða

Um byggingu heimildaritgerða gilda að mestu sömu reglur og um byggingu annars ritaðs máls. Með vissum fyrirvara er hægt að segja að allur texti leiti í ákveðna þrískiptingu. Í heimildaritgerðum getum við talað um inngang, meginmál og niðurstöður.

Inngangur - eða upphaf heimildaritgerðar þjónar þeim tilgangi að gera grein fyrir viðfangsefninu. Mikilvægt er að fyrirsögn sé vel valin og inngangur gagnorður. Ef inngangur er töluvert efnismikill er ágætt að hafa hann sér á blaði en venjulega er það óþarfi.

Meginmál - er að sjálfsögðu stærsti hluti ritgerðar og samanstendur af efnisgreinum sem þjóna grunnhugmynd verksins.

Niðurstöður - eða niðurlag ritgerðar. Þar eru dregin saman þau atriði sem fram hafa komið í meginmáli, jafnframt sem vísað er til þess sem fram kemur í inngangi. Í þessum hluta getur farið vel á því að spyrja spurninga sem vekja frekari umræðu eða umhugsun.

Heimildanotkun

Í heimildaritgerð er nauðsynlegt að meðferð heimilda sé með þeim hætti að enginn vafi leiki á hvað komi frá höfundi ritgerðarinnar og hvað er sótt í heimildir. Einnig þarf að vera ljóst hvað er tekið úr hverri heimild.

Tilvísanir og heimildir

Þegar vísað er til texta eru notaðar verður alltaf að geta heimildar. Taka skal fram nafn höfundar, ártal og blaðsíðu. Tilvísun er annað hvort í sviga á eftir tilvitnun (Ásta Svavarsdóttir 1986:15) eða í neðanmálgrein neðst á blaðsíðu.

1. Ásta Svavarsdóttir, 1986:15

Hægt er að vísa í heimildir með tvennum hætti:

a) Beinar tilvitnanir

Þá er tekið orðrétt upp úr heimild. Slíkar tilvitnanir eiga alltaf að vera stafréttar, þ.e. ekki skal breyta stafsetningu, málfari eða leiðrétta prentvillur. Beinar tilvitnanir ætti að nota sem allra minnst og aldrei í meira mæli en sem nemur 5% af efni ritgerðar.

Ef tilvitnun er stutt er hún felld inn í meginmál ritgerðarinnar og afmörkuð með íslenskum gæsalöppum (sbr. þetta plagg). Ef hún er meira en ein málsgrein eða skiptir nokkrum línunum á að hafa hana inndregna og með smærra lettri (10 punktar miðað við að meginmál sé 12 punktar). Strax á eftir beinum tilvitnunum skal ávallt hafa vísun til heimilda í sviga. Í sviganum á að vera: Höfundarnafn - útgáfuár - tvípunktur - blaðsíðutal. (Ásta Svavarsdóttir 1986:15)

Dæmi um beina tilvitnun:

„Það skal brýnt fyrir nemendum að gæta fyllstu nákvæmni í meðferð orðréttra tilvitnana.- Halda stafsetningu og greinamerkjasetningu höfundar nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi t.d. lesefni handa unglingum”. (Ásgeir Björnsson og Indriði Gíslason 1979: 21)

Óbeinar tilvitnanir

Óbein tilvitnun nefnist það þegar eitthvað er tekið efnislega úr heimild en ekki orðrétt. Í lok efnisgreinarinnar, þar sem viðkomandi heimild hefur verið notuð, kemur sams konar tilvísun eins og í dæminu hér að ofan.

Dæmi um óbeina tilvitnun (berið saman við dæmið hér að ofan)

Flestir þeirra sem fjallað hafa um heimildaritgerðir leggja á það mikla áherslu að tilvitnanir séu orðréttar. Þó er hugsanlegt að gera undantekningu frá þessu ef um efni handa unglingum er að ræða (Ásgeir Björnsson og Indriði Gíslason 1979: 21)

Frágangur heimildaritgerðar

Sjálfsagt er að vanda frágang eins og framast er kostur og nýta til þess þá möguleika sem ritvinnsluforrit bjóða upp á.

Titilsíða: Í lengri ritsmíðum er sjálfsagt að hafa sérstaka titilsíðu þar sem fram kemur nafn ritgerðarinnar og höfundar, heiti greinar, áfanga og skóla. Einnig á að tímasetja hana, t.d. „Haustönn 1997“ eða „Október 1997“ o.s.frv. Engin ástæða er þó til að leggja mesta vinnu í þennan hluta ritgerðarinnar!

Efnisyfirlit: Venja er að hafa efnisyfirlit sér á blaði fremst í ritgerðinni.

Spássía: Hæfilegt er að hafa 2-3 cm spássíðu á hvorn veg. Tilvitnanir er venjulega hafðar 1,25 cm (0,5 tommum) innar en meginmál vinstra megin.

Meginmál: Nota skal leturstærð 12 nema annað sé tekið fram.

Línubil: Hafa skal meginmál með línubilinu 1,5 og er ágæt regla að hafa tilvitnanir einu stigi þéttar t.d. með línubil 1 og leturstærð 10.

Blaðsíðutal: Forsíða, auðar síður og síða með efnisyfirliti eru ekki númeraðar.

Greinaskil: Ekki eru til fastar reglur um greinaskil. Aðalhlutverk þeirra er að skilja að efnispætti. Fyrsta lína á eftir greinaskilum er inndregin um 0,5 - 1 cm (¼ - ½ tommu) eða sjálfgefið gildi sem ritvinnsluforritið er stillt á.

Fyrirsagnir: Titill ritgerðar skal vera stuttur og gefa glögga hugmynd um innihaldið. Ef um viðamikla ritsmíð er að ræða er sjálfsagt að skipta henni í kafla. Kaflaheiti skulu vera stutt og gagnorð og segja ótvírætt um hvað kaflinn fjallar. Millifyrirsagnir má hafa til þess að skipta köflum upp í smærri einingar, ef það gerir frásögnina skýrari. Sjálfsagt er að hafa rúmt línubil á undan kaflaskilum. Í flestum ritvinnslukerfum eru sérstakar kaflauppsætningar.

Viðaukar og fylgiskjöl: Allt slíkt efni kemur aftast, á eftir heimildaskrá.

Töflur og myndir: Ef myndir og töflur eru hluti af meginmáli ritgerðarinnar er sjálfsagt að fella þær þar inn í; ef ekki eiga þær að koma aftast. Töflur og myndir á að númera í sömu röð og þeirra er getið. Í meginmálinu nægir síðan að segja t.d. Sjá 3. mynd á bls. 2 eða sjá 1. töflu aftast.

Hausar og fætur: Vel getur farið á að nota blaðhaus eða blaðfót með upplýsingum um áfangann sem ritgerðin tilheyrir, skóla, önn o.s.frv.

Neðanmál: 1)

1) Neðanmál skal vera leturstærð 8 og er vísað til þess úr texta með númeri. Vel fer á að afmarka textann með stuttri línu eins og hér er gert.

Heilræði um heimildaritgerðir

- Mikilvægt er að búa til efnisgrind í upphafi ritgerðarvinnu.
- Munið að heimildaritgerð er sjálfstæð ritsmíð. Tilvitnanir leysa ritgerðarhöfund ekki undan því að fjalla sjálfur um efnið. Úrvinnsla höfundar er aðalatriðið, en tilvitnanir styðja málflutning hans.
- Varist að ofhlaða ritgerðir með beinum tilvitnunum.
- Forðist uppskrúfað orðfæri. Ef þið notið óbeinar tilvitnanir skuluð þið reyna að endursegja orðalag heimildarinnar með ykkar eigin orðum. Ekki nota orðalag heimildarinnar hrátt. Muna að geta slíkra heimilda.
- Gott samhengi verður að vera í texta. Athugið sérstaklega að tengja beinar tilvitnanir og að þær séu í góðu samhengi við það sem kemur frá ykkur sjálfum.
- Forðist afsakanir eins og t.d. „Ég veit að þessi ritgerð hefði getað orðið miklu betri...“, o.s. frv.
- Að sjálfsögðu á að vanda málfar, stafsetningu og allan frágang.
- Samningu ritgerðar lýkur ekki þegar búið er að setja hana í tölvu. Þá er eftir að lesa yfir og leiðrétta. Nauðsynlegt er að láta einhvern lesa ritgerðina yfir áður en henni er skilað því flestir eru blindir á eigin villur. Mjög hæpið er að treysta um of á villuleitarforrit því þeim eru mikil takmörk sett.

Heimildaskrá

Mikilvægt er að gera nákvæma skrá yfir þær heimildir sem notaðar hafa verið; bæði beinar heimildir og óbeinar. Heimildaskrá er aftast í ritgerðinni. Heimildir skulu vera í stafrófsröð, eftir nöfnum höfunda. Íslenskum höfundum er raðað eftir skírnarnöfnum en erlendum höfundum eftir eftirnafni. Ef höfundar að erlendum bókum eru tveir eða fleiri er aðeins sá fyrsti skráður undir ættarnafni, hinir eru skráðir með skírnarnafni á undan.

Einföld skráning:

Nafn höfundar (höfunda). Heiti bókar eða ritverks (skáletrað).
Útgáfustaður,útgáfufyrirtæki. Útgáfuár.

Ítarlegri skráning:

1. Nafn höfundar og /eða ritstjóra greinasafns
2. Útgáfuár
3. Bókarheiti/ greinarheiti og tímaritaheiti
4. Hvar í ritröð/tölublað tímarits og árgang
5. Útgáfufyrirtæki
6. Útgáfustaður
7. Blaðsíðutal sem sýnir hvaða blaðsíður í tímaritshefti eða safnríti heimildir eru teknar
8. Nafn þýðanda.

Hér á eftir fara dæmi um skráningu heimilda:

Bækur og einstök rit**Eftir einn íslenskan höfund.**

Vigdís Grímsdóttir. 1987. *Kaldaljós*. Svart á hvítu, Reykjavík.

Eftir einn erlendan höfund.

Bowness, Alan. 1985. *Modern European Art*. Thames and Hudson, London.

Ef höfundar eru fleiri en einn, er nöfnum þeirra raðað eins og þeir koma fyrir á bókarkápu**Eftir tvo íslenska höfunda**

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1998. *Handbók um ritun og frágang*. 5. útgáfa. Iðunn, Reykjavík.

Eftir tvo erlenda höfunda

Raven, Peter H. og George B. Johnson. 1995. *Understanding Biology*. 3. útgáfa. Wm. C. Brown Publishers, Boston.

Eftir þrjá eða fleiri íslenska höfunda

Einar Már Jónsson o.fl.. 1981. Mannkynssaga. *Tuttugasta öldin*. Fyrri bindi (1914-1945). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfunda

Purve, William K. o.fl.. 1998. *Life: the Science of Biology*. 5. útgáfa. W. H. Freeman and Company, Salt Lake City.

Höfundar ekki getið

Brennu-Njáls saga: með formála, skýringum og eftirmála um Íslendinga sögur. 1991. Örnólfur Thorsson hafði umsjón með þessari útgáfu. Mál og menning, Reykjavík.

Ritstýrðar bækur

Íslensk orðabók. 2. útgáfa, aukin og bætt. 1996. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Mál og menning, Reykjavík.

Pýðing

Allende, Isabel. 1995. *Paula*. Berglind Gunnarsdóttir íslenskaði. Mál og menning, Reykjavík.

Ritsöfn og sýnisbækur

Benedikt Gröndal. 1951. „Sagan af Heljarlóðarorrustu.“ *Ritsafn*. Annað bindi, bls. 7-68.

Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

Upplýsingar vantar

Ársæll Sigurðsson. [án árs]. *Móðurmál*. 1. hefti. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. Gísla saga

Súrssonar. 1971. Skúli Benediktsson sá um útgáfuna. Skuggsjá, [án útgáfustaðar].

Þorbjörn Broddason. 1987. *Um fjölmiðla: greinasafn*. [án forlags], Reykjavík.

Greinar

Greinasafn eftir einn höfund

Halldór Laxness. 1972. *Af skáldum*. Hannes Pétursson valdi efnið. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Grein úr greinasafni eftir marga höfunda

Sigurður Þórarinsson. 1974. „Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir“ *Saga Íslands I*, bls. 27-97. Ritstjóri

Sigurður Línadal. Hið íslenska bókmenntafélag – Sögufélagið, Reykjavík.

Greinar úr alfræðibók

1. Greinar merktar höfund:

Hamilton, Clarence Herbet. 1964. „Buddhism.“ *Encyclopædia Britannica* 4:354-362. William Benton, London.

2. Höfundar ekki getið:

Íslenska alfræðiorðabókin A-G. 1990. „Búddatrú“, bls. 224-225. Ritstjóri Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Grein úr tímariti

Guðni Tómasson. 1999. „Sakamannalýsingar á Alþingi“. *Sagnir: tímarit um söguleg efni*, 20. árg.: 38-43.

Grein úr dagblaði

Baldur Jónsson. 1977. „Staða íslenskrar tungu.“ *Morgunblaðið*, 22. nóvember.

Netið

Heimildir af netinu

Lewis, Michael R. 1994, 3. október. „RE: Passenger list. How did you do it?“ Stumpers list. Slóðin er: stumpers-list@crf.cuis.edu

Ringström, Vidar. 1994, 25. október. „Electronic Journals: an introduction given at the 4th Nordic USSN/Union Catalogue meeting, Helsinki, September 8-9th, 1994.“ Slóðin er: <ftp://rosa.nbr.no/pub/edok/e-tids.doc>

Alþingi. 1988, 10. desember. Slóðin er: <http://www.althingi.is>

„Rottur dreymir“. 2001, 26. janúar. Morgunblaðið á netinu. Slóðin er: <http://www.mbl.is>

Annað

Útvarp/sjónvarp/myndband/hljóðrit

Jón Ólafsson. 1986. *Léttir sprettir*. Ríkisútvarpið, Rás 2. 14. júní.

Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. 1997. *Nærmynd – Vigdís Grímsdóttir rithöfundur*. Ríkisútvarpið – Sjónvarp. 14. september.

Perlman, Itzak. 1985. *Itzak Perlman: In My Case Music*. Framleiðandi og stjórnandi Tony DeNonno. 10 mín. DeNonno Pix. Myndband.

Chopin, Fryderyk. 1990. *Piano Sonatas*. Einleikari Idil Biret. Naxos, München. Geisladiskur

Efni af margmiðlunardiski

Mayo Clinic Family Health Book. 1992. „Allergy“ Interactive edition. Aðalritstjóri David E. Larson. Interactive ventures, Mayo Clinic-Mac, Foundation for Medical Education and Research.

Skýrsla

Aðalnámsskrá grunnskóla. Móðurmál. 1989. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Bæklingur

1. Höfundar getið:

Lárus Helgason. 1996. *Kvíði: leiðbeiningar fyrir sjúklinga og aðstandendur*. Delta, Hafnarfirði.

2. Höfundar ekki getið:

Örorkulífeyrir. 1994. Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík

Lög og reglugerðir

Lög um háskóla nr. 137/1997

Reglugerð um ábyrgðargjald atvinnurekanda nr. 575/1995

Heimildir frá fyrstu hendi

Einar Sigurðsson. 2000. Tölvupóstur til höfundar 5. október

Smith, John. 2001. Viðtal höfundar við John Smith 21. janúar

Myndir

Töflur, línurit, myndir og teikningar á að merkja og skrá í heimildir. Þegar mynd er notuð af neti þarf að hafa fulla vefslóð í myndaskrá sem vísar beint á myndina.